

5. júní 2025

25160

Dreifing

Skipulagsstofnun

> Sigurður Ásbjörnsson

Borgartún 7b

105 Reykjavík

Höfundur

EBA / HH

Yfirfarið/Samþykkt

Kjartan Elíasson,
Vegagerðin

Tílefni

Matsáætlun: Dýpkun á Grynnslunum, Hornafirði

Viðbrögð Vegagerðarinnar við umsögnum um matsskyldufyrirspurn.

1

Viðbrögð Vegagerðarinnar við umsögnum

Kynningartími matsskyldufyrirspurnar var frá 2. apríl til 2. maí 2025. Skipulagsstofnun óskaði eftir umsögnum sem bárust frá sex aðilum. Tafla 1 gerir grein fyrir umsagnaraðilum og hvort þörf var á viðbrögðum.

Tafla 1 Yfirlit yfir umsagnaraðila sem sendu inn erindi ásamt þörf á viðbrögðum Vegagerðarinnar.

Umsagnaraðili	Viðbrögð
Landhelgisgæsla Íslands	Þörf á viðbrögðum, sjá kafla 1.1
Náttúrufræðistofnun	Ekki þörf á viðbrögðum
Umhverfis- og orkustofnun	Þörf á viðbrögðum, sjá kafla 1.2
Hafrannsóknastofnun	Þörf á viðbrögðum, sjá kafla 1.3
Fiskistofa	Þörf á viðbrögðum, sjá kafla 1.4
Sveitarfélagið Hornafjörður	Ekki þörf á viðbrögðum

1.1

Viðbrögð við umsögn Landhelgisgæslu Íslands

Í umsögn segir:

„Landhelgisgæslan bendir á að huga ber sérstaklega að öryggi siglinga þegar framkvæmdir á haf- og strandsvæðum eru fyrirhugaðar. Að mati stofnunarinnar væri ákjósanlegast að áhættumat siglingaöryggis fari fram sem fyrst í ferli sem þessu og að tekið sé tillit til niðurstöðu slíks áhættumats við umhverfismat framkvæmdarinnar. Við áhættumat siglingaöryggis ætti að taka til skoðunar hvort fyrirhuguð framkvæmd trufla siglingar eða valdi siglingahættu. Leiði áhættumat siglingaöryggis í ljós að fyrirhuguð framkvæmd hafi neikvæð áhrif á öryggi sjófarenda þarf að huga að mótvægisáðgerðum til að draga úr neikvæðum áhrifum áður en ráðist er í fyrirhugaðar framkvæmdir.“

Viðbrögð: Í umsögninni kemur fram að meðal hlutverka Landhelgisgæslunnar sé að sinna öryggisgæslu, leit og björgun á hafi, tilkynningar til sjófarenda, björgunarþjónusta og aðstoð við almannavarnir. Fyrirhuguð dýpkun hefur ekki bein áhrif á þætti sem snerta framangreint starfssvið Landhelgisgæslunnar auk þess sem umsögnin varðar þætti sem ekki snúa að mati á umhverfisáhrifum.

Landhelgisgæslan telur í umsögn sinni að ákjósanlegast væri að áhættumat siglingaöryggis fari fram sem fyrst í umhverfismatsferlinu þar sem tekið yrði til skoðunar hvort fyrirhuguð framkvæmd trufla siglingar eða valdi siglingaááættu. Þessi ábending er byggð á misskilningi um eðli þeirrar framkvæmdar sem hér um ræðir. Áhættumat siglinga er nauðsynlegt þegar til stendur að koma fyrir mannvirkjum eða búnaði sem haft getur áhrif á öryggi siglingaleiða. Dýpkun er framkvæmd með skipum og einu áhrifin á siglingar

felast í legu dýpkunarskipa á dýpkunar- og losunarstað auk siglinga að og frá þeim stöðum. Áhættumat siglinga er aldrei framkvæmt vegna staðsetningar skipa eða siglinga skipa.

Í umsögn segir:

„Landhelgisgæslan telur rétt að staðsetning losunarsvæðis sé valin með tilliti til þess að efni berist ekki með straumum aftur upp að ósnum. Einnig að tryggt sé að dýpi á losunarsvæði sé nægjanlegt til að efni sem safnast upp muni ekki hafa neikvæð áhrif á siglingar yfir svæðið og að dýpi verði reglulega mælt á losunarsvæði svo unnt sé að tilkynna breytingar á dýpi í sjókort. Eins að framkvæmdasvæði á Grynnslnum og losunarsvæði verði skilgreind og hornpunktar svæðanna verði sendir til sjómælinga- og siglingaöryggisdeildar sem upplýsir sjófarendur með Tilkynningum til sjófarenda. Mikilvægt er að tilkynningar varðandi framkvæmda- og losunarsvæði berist til sjómælinga- og siglingaöryggisdeildar Landhelgisgæslu Íslands til að upplýsingarnar komist til sjófarenda og í sjókort. Ákjósanlegt er að nota pósthfangið sjokort@lhg.is“

Viðbrögð: Vegagerðin mun tryggja að dýpi á losunarsvæði sé nægjanlegt og að áhrifa á siglingar muni ekki gæta. Dýpi á losunarsvæði verður mælt eftir hverja dýpkunarlotu. Vegagerðin mun senda hornpunkta svæðanna til sjómælinga- og siglingaöryggisdeildar Landhelgisgæslu Íslands. Varðandi tilkynningar um breytingar á sjókortum er ljóst að þau atriði snúa ekki að umhverfisáhrifum dýpkunar en varða tilhögun á upplýsingamiðlun til sjófarenda sem fylgir lögbundnu ferli og ekki er tilefni til að fjalla sérstaklega um í mati á umhverfisáhrifum.

1.2

Viðbrögð við umsögn Umhverfis- og orkustofnun

Í umsögn segir:

„Umhverfis- og orkustofnun bendir á að til viðbótar þeim leyfum sem talin eru upp í kafla 3.2 í matsáætluninni er framkvæmdin háð starfsleyfi frá stofnuninni í samræmi við 1. mgr. 7. gr. í lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, en efnistakan fellur undir 112. lið í III. viðauka laga nr. 7/1998.“

Viðbrögð: Í umsögn Umhverfisstofnunar er vísað til starfsleyfisskyldu samkvæmt 1. mgr. 7. gr. laga nr. 7/1998 með tilvísun í 112. lið III. viðauka. Sá viðauki fjallar þó um starfsemi sem nýtir lífræna leysa og á því ekki við um dýpkun. Líklegra er að vísað sé til 112. liðar í IV. viðauka, sem tekur til vinnslu jarðefna. Um er að ræða dýpkun og vörpun efnis á hafsbótan án frekari vinnslu, sem fellur ekki undir það orðalag. Orðalag ákvæðisins tekur ekki skýrt til slíkra framkvæmda. Ekki er vísað til lagaheimilda eða lögskýringargagna sem styðja rýmkandi túlkun. Almennt er litið svo á að starfsleyfisskylda verði að byggjast á skýrri heimild í lögum og skýrð þröngt. Að teknu tilliti til þessa verður ekki séð að ákvæðið eigi við í þessu tilviki.

Í umsögn segir:

„Í matsáætluninni kemur fram að framkvæmdin verði einungis borin saman við núllkost, sem felur í sér að ekki verði af framkvæmd. Umhverfis- og orkustofnun bendir að meta mætti þann valkost að nýta það efni sem tekið verður í dýpkunarframkvæmdinni stað þess að varpa því í hafið.“

Viðbrögð: Vegagerðin bendir á að efnisvinnsla er önnur framkvæmd heldur en fyrirhuguð dýpkun. Markmið dýpkunar er að tryggja öryggi og greiðfærni siglingaleiðar. Markmið efnisvinnslu væri að afla nýtanlegs hráefnis til ýmissa nota. Áform um efnisvinnslu þyrftu að fela í sér flutning á dýpkunarefni á vinnslustað, vinnslan sem slík og ráðstöfun þess

efnis sem yrði afurð slíkrar vinnslu. Um er að ræða gerólikt verkefni sem á engan hátt er samanburðarhæft við þann kost að framkvæma verkefnið eins og því er lýst í matsáætlun. Engin áform eru um slíkt verkefni og alls óljóst hvort það væri yfirhöfuð raunhæft. Ekki er því unnt að skoða það sem valkost til samanburðar við það verkefni sem lýst er í matsáætlun að hefja efnisvinnslu á því mikla magni dýpkunarefnis sem til fellur við dýpkunina enda væri þá um að ræða samanburð á alls ólíkum verkefnum.

Í umsögn segir:

„Í samræmi við lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála þarf að vinna mat á áhrifum framkvæmdarinnar á vatnshlot. Framkvæmdaraðili þarf að meta áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á þá gæðapætti sem skilgreindir hafa verið fyrir þau vatnshlot sem framkvæmdin getur mögulega haft áhrif á til að meta hvort framkvæmdirnar munu valda því að vatnshlotin nái ekki umhverfismarkmiðum. Umhverfis- og orkustofnun bendir á leiðbeiningar um mat á áhrifum framkvæmd á vatnshlot sem finna má á vatn.is.“

Viðbrögð: Í umhverfismatsskýrslu verður umfjöllun um vatnshlot samkvæmt leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlot.

1.3

Viðbrögð við umsögn Hafrannsóknastofnunar

Í umsögn segir:

„Fram kemur í matsáætlun að í tengslum við matsskyldufyrirspurn hafi árið 2022 verið unnin úttekt á botndýralífi á og í grennd við fyrirhugað losunarsvæði. Ekki hafi verið talin þörf á sýnatöku á dýpkunarsvæði vegna stöðugra sandflutninga þar. Hafrannsóknastofnun hefur kynnt sér úttektina, sem unnin var af Náttúrustofu Suðausturlands, sjá Viðauka A við matsskyldufyrirspurn. Í úttektinni kemur fram að tegundagreining á burstaormum og marflóm sem fundust í sýnum sem tekin voru á losunarstað hafi ekki farið fram. Hafrannsóknastofnun telur að mat á botndýralífi hafi því ekki verið fullnægjandi eða í samræmi við lög um stjórn vatnamála (sbr. Sólveig R. Ólafsdóttir ofl., 2019).“

Viðbrögð: Unnin verður ný rannsókn á losunarstað í ljósi umsagnar. Fjallað verður um niðurstöður rannsókna í umhverfismatsskýrslu.

Í umsögn segir:

„Í matsáætlun kemur fram að framkvæmdin verði borin saman við núllkost, þ.e. að hvorki yrði farið í dýpkun né losun á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Hafrannsóknastofnun bendir á að eftirspurn eftir sandi og mól fer vaxandi og væri vert að kanna hvort nýta mætti efnið frekar en að varpa því í hafið. Þannig mætti komast hjá þeim áhrifum sem varp í hafið kann að hafa á losunarstað, t.d. á botndýralíf.“

Viðbrögð: Vegagerðin bendir á að efnisvinnsla er önnur framkvæmd heldur en fyrirhuguð dýpkun. Markmið dýpkunar er að tryggja öryggi og greiðfærni siglingaleiðar. Markmið efnisvinnslu væri að afla nýtanlegs hráefnis til ýmissa nota. Áform um efnisvinnslu þyrftu að fela í sér flutning á dýpkunarefni á vinnslustað, vinnslan sem slík og ráðstöfun þess efnis sem yrði afurð slíkrar vinnslu. Um er að ræða gerólikt verkefni sem á engan hátt er samanburðarhæft við þann kost að framkvæma verkefnið eins og því er lýst í matsáætlun. Engin áform eru um slíkt verkefni og alls óljóst hvort það væri yfirhöfuð raunhæft. Ekki er því unnt að skoða það sem valkost til samanburðar við það verkefni sem lýst er í matsáætlun að hefja efnisvinnslu á því mikla magni dýpkunarefnis sem til fellur við dýpkunina enda væri þá um að ræða samanburð á alls ólíkum verkefnum.

Í umsögn segir:

„Hafrannsóknastofnun bendir á að meta þarf sérstaklega áhrif framkvæmda á vatnshlot í samræmi við lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011. Umhverfis- og orkustofnun hefur nýlega gefið út leiðbeiningar um gerð slíks mats og má nálgast þær á vefsíðu stofnunarinnar.“

Viðbrögð: Í umhverfismatsskýrslu verður umfjöllun um vatnshlot samkvæmt leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlot.

1.4**Viðbrögð við umsögn Fiskistofu****Í umsögn segir:**

„Fiskistofa bendir á að ábótavant er að fjallað sé um áhrif framkvæmdarinnar á laxfiska og silunga en ljóst er að fiskar ganga í gegnum Hornafjarðarós upp í nærliggjandi ár og einnig til baka niður í sjó.“

Fiskistofa bendir á að sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka sem áhrif getur haft á lífríki vatnsins eða aðstæður til veiði er háð leyfi Fiskistofu, sbr. 33.gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.

Miðað við forsendur í fyrirbyggjandi gögnum telur Fiskistofa nauðsynlegt að fjalla þurfi betur um ofangreind atriði svo unnt sé að veita efnislega umsögn í málinu.“

Viðbrögð: Vegagerðin bendir á að framkvæmdin fer ekki fram innan 100 m við svæði sem skilgreint er sem veiðivatn skv. 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði. Framkvæmdin felur í sér dýpkun sem alla jafna er unnin yfir vetrarmánuðina. Tíðni dýpkana fer eftir aðstæðum við siglingarennuna.

Framkvæmdin er ekki talin líkleg til að hafa neikvæð áhrif á lífríki vatnasviðs eða aðstæður til veiða, þar sem hún hefur hvorki áhrif á farveg né vatnsbúskap þeirra áa sem fiskar ganga um. Með hliðsjón af umfangi framkvæmdarinnar og framkvæmdatíma er því ekki talin þörf á frekari umfjöllun um áhrif á laxfiska og silunga í umhverfismatsskýrslu.